



# Umferðaröryggisáætlun 2018-2022 Seltjarnarnes

Apríl 2018





**17378**

S:\2017\17378\Greinagerð\17378\_g180430.docx

**Apríl 2018**

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	27.03.2018	SJ/KEP	SJ	SJ
2	30.04.2018	SJ	KEP	SJ

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
1.1	Samráðshópur	3
<b>2</b>	<b>Slysagreining</b>	<b>4</b>
<b>3</b>	<b>Stöðumat</b>	<b>8</b>
3.1	Hraðatakmarkandi aðgerðir	8
3.2	Skólasvæði og nágrenni	8
3.3	Óvarðir vegfarendur	8
3.4	Gatnakerfi	10
3.5	Ökumaður og farartæki	10
3.6	Fræðsla og forvarnir	11
3.7	Almenningssamgöngur	11
<b>4</b>	<b>Stefna og markmið</b>	<b>12</b>
<b>5</b>	<b>Framkvæmdaáætlun og forgangsröðun verkefna</b>	<b>13</b>
<b>6</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>14</b>
<b>7</b>	<b>Heimildaskrá</b>	<b>15</b>

## 1 Inngangur

Árið 2014 gaf Seltjarnarnes út umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið. Sú vinna fór fram á tímabilinu september 2013 - apríl 2014 og var það í fyrsta skipti sem heildstæð umferðaröryggisáætlun var gerð fyrir sveitarfélagið. Nú fjórum árum síðar hefur áætlunin verið uppfærð m.t.t. nýrrar tölfræði um slys, stöðu verkefna og ábendinga íbúa um umferðaröryggi. Uppfærsla og endurskoðun áætlunarinnar fór fram á tímabilinu desember 2017 – mars 2018.

Markmið með gerð umferðaröryggisáætlana er að auka vitund forráðamanna sveitarfélaga og íbúa um umferðaröryggi. Samráðshópur er skipaður með fulltrúum hagsmunaaðila umferðaröryggis og auglýst eftir ábendingum frá íbúum. Með þessu móti fær rödd allra að heyrast og lagt er upp með að hagsmunir allra séu teknir með.

Samráðshópur var sammála um að leggja ætti sérstaka áherslu á að bæta umferðaröryggi óvarðra vegfarenda og þar sem skólar, sundlaug og íþróttamiðstöð eru og því eru brýn verkefni á því svæði sett í forgang.

Undanfarin ár hefur Samgöngustofa hvatt sveitarfélög til að gera áætlanir um umferðaröryggismál. Vegagerðin, Samgöngustofa og verkfræðistofan Mannvit hafa tekið saman leiðbeiningar um gerð umferðaröryggisáætlana sveitarfélaga og tekur þessi vinna mið af þeim leiðbeiningum auk reynslu VSÓ af gerð umferðaröryggisáætlana víðs vegar um landið.

Við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar skal taka tillit til umferðaröryggisáætlunar. Áætlað er að umferðaröryggisáætlun sé endurnýjuð á fjögurra ára fresti. Fram að þeim tíma verði unnið að þeim úrbótum sem lagðar eru fram í áætluninni og nýjum ábendingum sem berast sveitarfélaginu safnað saman og þær skoðaðar. Lagt er til að samráðshópur hittist tveimur árum eftir útgáfu áætlunarinnar og fari yfir verkefnastöðu.

Áætluninni er skipt upp í sex meginkafla. Fyrsti kafli lýsir bakgrunni áætlunarinnar og skipun samráðshóps, annar kafli greinir slys undanfarinna ára og í þriðja kafla er stöðumat á núverandi umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Í fjórða kafla er helstu markmiðum og stefnu sveitarfélagsins í umferðaröryggismálum lýst. Í fimmta kafla er framkvæmdaáætlun verkefna, þar sem brýnustu verkefni eru ákveðin og þeim raðað í forgangsröð. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman í sjötta kafla.

### 1.1 Samráðshópur

Samráðshópur var myndaður með helstu hagsmunaaðilum umferðaröryggis hjá sveitarfélaginu, eins og lagt er til í leiðbeiningum um gerð umferðaröryggisáætlana. Í samráðshópnum sem komið hefur að endurskoðunar áætlunarinnar eru Gísli Hermannsson, sviðsstjóri umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar, Baldur Pálsson fræðslustjóri Seltjarnarnesbæjar, Haukur Geirmundsson íþrótt- og tómstundafulltrúi Seltjarnarnesbæjar, Bjarni Torfi Álfþórsson formaður skipulagsnefndar, Fjóla Höskuldsdóttir, aðstoðarskólustjóri Grunnskóla Seltjarnarness, Þórey Einarsdóttir, f.h. foreldraráðs Leikskóla Seltjarnarness, Kári Garðarsson, íþróttastjóri Gróttu, Jóhann Þór Gunnarsson og Thelma Karen Halldórsdóttir fulltrúar ungmennaráðs Seltjarnarness, Baldur Grétarsson f.h. Vegagerðarinnar, Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir f.h. Samgöngustofu, Jóhann Karl Þórisson f.h. lögreglu, Valgerður Gréta Benediksdóttir f.h. Strætó Bs, Kristjana Erna Pálsdóttir og Svanhildur Jónsdóttir sem störfuðu með hópnum f.h. VSÓ Ráðgjafar

## 2 Slysagreining

Tekin voru saman gögn frá Samgöngustofu um skráð umferðaróhöpp á Seltjarnarnesi fyrir árin 2012-2016. Gögnin frá Samgöngustofu eru unnin upp úr tilkynningum lögreglu og fyrirtækisins Akstur og öryggi.

Í þessari greiningu er bæði talað um óhöpp ásamt því að fjallað er nánar um slys á fólki. Óhöpp eru tilvik þar sem einungis hefur orðið eignartjón. Slys eru tilvik þar sem fólk hefur hlotið meiðsli og eru þau flokkuð nánar í slys með litlum meiðslum, slys með alvarlegum meiðslum og banaslys.

Staðsetningar óhappa og slysa á Seltjarnarnesi árin 2012-2016 má sjá á mynd 2.1. Tilvikin eru litagreind eftir alvarleika þeirra.



Mynd 2.1 Óhöpp og slys á Seltjarnarnesi árin 2012-2016. Grænir hringir eru óhöpp, gulir hringir slys með litlum meiðslum og rauðir þríhyrningar slys með alvarlegum meiðslum.

Á árunum 2012-2016 voru 94 óhöpp án meiðsla, 13 slys með litlum meiðslum og 6 slys með alvarlegum meiðslum. Óhöpp án meiðsla eru algengust tilvika á Seltjarnarnesi eða 83% af öllum tilvikum. Óhöpp án meiðsla verða helst þegar ekið er á eða bakkað er á kyrrstæða bifreiða á bílastæði. Þegar staðsetning óhappa án meiðsla á svæðinu er rýnd er áberandi að mörg þeirra eru miðsvæðis, þ.e. á bílastæðum við Eiðstorg og á bílastæðum við íþróttasvæði og sundlaug.

Slys með meiðslum (lítill meiðsli og alvarleg meiðsli) eru 17% allra tilvika. Á mynd 2.2 eru sýnd slys með meiðslum árin 2012-2016.



Mynd 2.2 Slys á Seltjarnarnesi árin 2012-2016. Gulir hringir eru slys með litlum meiðslum og rauðir þríhyrningar slys með alvarlegum meiðslum.

Flest slys með litlum meiðslum gerast á og við Suðurströnd. Algengasta orsök slysa með meiðslum (litlum og alvarlegum) er slæm færð, ökutæki og hjólbarðar í ólagi, og mannlegar orsakir.

Á árunum 2012-2016 urðu 6 slys með alvarlegum meiðslum og í töflu 2.1. er staðsetningu þeirra, tegund og orsök lýst.

**Tafla 2.1: Slys með alvarlegum meiðslum á Seltjarnarnesi 2012-2016**

Staðsetning	Tegund	Orsök
Nesvegur/Skerjabraut	Ekið í veg fyrir bíl (fyrirhuguð akstursstefna 1 óljós)	Biðskylda ekki virt
Móts við Melabraut 28	Fall af reiðhjólí	Ökutæki eða hjólbarðar í ólagi
Við Valhúsabraut 29	Ekið á fótg. á gangstétt og utan akbrautar.	Mannlaus bifreið rennur
Gróttu skammt frá bifreiðastæðinu	Fall af reiðhjólí	Slæm færð (hálfka / ísing / krapí / vatnsagi)
Suðurströnd	Árekstur tv. bíla sem mætast á beinum vegi eða í beygju	Slæm færð og ekið á röngum vegarhelmingi
Norðurströnd við Bollagarða 115	Ekið aftan á bíl sem hemlar.	Ökutæki eða hjólbarðar í ólagi

Hægt er að álykta skv. töflu 2.1 að þau sex slys sem urðu á árunum 2012-2016 með alvarlegum meiðslum eru ekki bundin við ákveðna staði og stafa helst af mannlegum orsökum eða tækjabílun. Þó má rekja slæma færð til tveggja alvarlega slysa.

Tæplega 62% slysa með litlum meiðslum og 50% slysa með alvarlegum meiðslum verða á óvörðum vegfarendum, það er fótgangandi og hjólreiðafólki. Slysum með meiðslum á óvörðum vegfarendum hefur farið fjölgandi en árin 2007-2011 urðu tvö slys á óvörðum vegfarendum en árin 2012-2016 urðu tólf slys á óvörðum vegfarendum. Á mynd 2.3 eru sýnd óhöpp og slys á óvörðum vegfarendum árin 2012-2016.




Mynd 2.3 Óhöpp og slys á óvörðum vegfarendum á Seltjarnarnesi árin 2012-2016. Grænir hringir eru óhöpp, gulir hringir slys með litlum meiðslum og rauðir þríhyrningar slys með alvarlegum meiðslum.

Skipting fjölda óhappa og slysa á óvörðum vegfarendum sést í töflu 2.2


Tafla 2.2: Fjöldi óhappa og slysa á óvörðum vegfarendum 2012-2016			
Tilvik	Óhapp	Lítill meiðsli	Alvarleg meiðsli
Fall af reiðhjóli		4	2
Ekið á hjólreiðamann sem hjólar þvert yfir akbraut	2		
Ekið á hjólreiðamann á gangstétt		1	
Ekið á hjólreiðamann á gangbraut	1		
Ekið á fótgangandi á gangstétt og utan akbrautar		1	1
Ekið á fótgangandi á gangbraut		1	
Ökutæki bakkar á fótgangandi			

Þróun fjölda óhappa annars vegar og fjölda slysa hins vegar síðastliðin 10 ár má sjá á myndum 2.4 og 2.5. Óhöppum fór fækkandi frá árinu 2010 en fjölgaði aftur 2015. Að meðaltali verða um 20 óhöpp á ári.



Mynd 2.4 Þróun fjölda óhappa án meiðsla á Seltjarnarnesi árin 2007-2016.

Slys með meiðslum eru tiltölulega fá í sveitarfélaginu og því erfitt að segja til um þróun þeirra, t.d. varð ekkert slys með meiðslum árið 2009 en 9 slys árið 2014.



Mynd 2.5 Þróun fjölda slysa á Seltjarnarnesi árin 2007-2016.

Í skýrslu frá Samgöngustofu um umferðarslys árið 2016 voru teknar saman upplýsingar um fjölda slasaðra eftir stærstu þéttbýlistöðum, fyrir hverja 10.000 íbúa. Á Seltjarnarnesi hafa 6,8 látist, slasast alvarlega eða slasast lítið en af 13 þeim sveitarfélögum sem voru í úrtakinu var Seltjarnarnes með þriðja lægsta hlutfallið. Sveitarfélögin sem komu betur út voru með 0 og 5,8 en það sveitarfélag sem kom verst út var með 43,3. Því er hægt að álykta að umferðaröryggi á Seltjarnarnesi geti almennt talist gott.



**3.1 Hraðatakmarkandi aðgerðir**

Talsvert er af hraðatakmarkandi aðgerðum í sveitarfélaginu, sumar hafa dregið úr umferðarhraða en aðrar hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Dæmi eru um að umferð og hraðakstur hafi færst á milli gatna þegar hraðatakmarkandi aðgerðum hefur verið beitt, og því þarf að taka fyrir svæði frekar en staði til að koma í veg fyrir það.

Nýlega var unnin umferðar- og hraðagreining af VSÓ fyrir Seltjarnarnes. Kom þar í ljós að á Suðurströnd, Norðurströnd og Lindarbraut eru töluvert margir sem aka yfir leyfðum hámarkshraða.

Þegar verið er að beita hraðatakmarkandi aðgerðum skal leitast við að:

- ▶ Taka fyrir svæði frekar en staði.
- ▶ Hafa aðgerðirnar fjölbreyttar og með jöfnu millibili.
- ▶ Þegar notast er við miðeyjur skal almennt miða við að þær séu a.m.k. 2 m.

Þegar afmarka þarf eða þrengja akstursflöt götu er hægt að nýta t.d. samhliða bílastæði sem geta verið afmörkuð með kantsteini. Einnig er mögulegt að nota blómaker til að afmarka bílastæði en þá skal sérstaklega tryggja að sjónlengdir séu ekki skertar og hæð gróðurs ekki hærri en 0,8 m.

**3.2 Skólasvæði og nágrenni**

Við Mýrarhúsaskóla, tónlistarskóla og íbúðir aldraðra gengur umferð gangandi og akandi almennt vel fyrir sig og það er lítið um hraðakstur og utanaðkomandi umferð. Á álagspunktum á stofnunum á svæðinu getur þó safnast saman talsverður fjöldi af bílum á svæðinu og leggja þá einhverjir ólöglega.

Við hringakstur við heilsugæslu gengur umferð bíla einnig vel fyrir sig, þó er talsvert um að bílum sé lagt upp á gangstéttir á svæðinu á álagstímum.

Mikil umferð getur skapast á háannatímum síðdegis á bílastæði íþróttamiðstöðvar og sundlaugar og hefur Seltjarnarnes bætt úr því með að skipuleggja betur bílastæðið. Verið er að vinna að betri aðkomu og sleppistæði við íþróttahúsið til að gera ástandið betra.

Við helstu leiðir barna til skóla og í frístundir er mikilvægt að hámarkshraði ökutækja sé takmarkaður við 30 km/klst. Gönguleiðir barna til skóla þarf að kanna reglulega og greina mögulega hættur. Kynna þarf börnum í byrjun skólaárs og áminna reglulega þær leiðir sem mælt er með að fara og hvetja foreldra til að framfylgja því. Tryggja þarf að öruggt sé fyrir börn að þvera götur á skilgreindum gönguleiðum til skóla.

Gangbrautarvarsla er á tveimur stöðum þegar skóli er starfandi, annars vegar neðan við skólann á Nesvegi og hins vegar við gamla skólann við kirkjuna. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á þessu fyrirkomulagi.

**3.3 Óvarðir vegfarendur**

Slysgreining leiddi í ljós fjölgun slysa á óvörðum vegfarendum. Hafa ber í huga að mikil aukning hefur verið í hjólréiðum á höfuðborgarsvæðinu undanfarið ár. Á Seltjarnarnesi hefur verið sett í forgang að aðskilja göngu- og hjólastíga á helstu leiðum.

Hálkuvarnir á göngustígum hafa verið bættar undanfarið á Seltjarnarnesi og farið var í samstarf með Reykjavíkurborg um að bæta hálkuvarnir. Nú er enn frekari vinna í gangi meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við að samræma aðgerðir milli sveitarfélaga.

Í leiðbeiningum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um göngupveranir er að finna upplýsingar um hvort og hvenær á að setja niður gangbraut en fer það eftir umferðarhraða, umferðarmagni og fjölda þeirra sem þvera götuna. Þó almennt sé miðað

við að ákveðinn fjöldi gangandi þurfi að fara yfir götu til að merkja þar gangbraut þá er undantekning á því ef gönguþverunin er á helstu gönguleiðum barna á leið til skóla og frístunda og einnig þar sem hlutfall aldraðra og/eða fólk með fötlun er hátt.

Ganga þarf úr skugga um að lýsing við gönguþveranir sé góð og hægja á umferð bíla við gönguþveranir. Tryggja þarf að gangandi vegfarandi og ökumaður sjái hvor annan tímanlega. Gróður og bílar geta skyggt á gangandi vegfaranda og þarf því að huga vel að umhverfi gönguþverana.

Við gangbrautir sem eru sebramerktar skal vera eitt skilti hvoru megin gangbrautarinnar, líkt og sýnt er á mynd 3.1. Til að tryggja aðgengi fyrir alla skal koma fyrir niðurtekt og blindrarönd í gangstéttarkanti þar sem gangbrautir/gönguþveranir eru.



Mynd 3.1 Gangbraut með tvö gangbrautarskilti, þrengingu, niðurtekt og blindrarönd.

Sums staðar er gangbraut ekki sérstaklega merkt eins og sýnt á mynd 3.1. Þó getur verið að þar sé gönguþverun en hún er skilgreind í leiðbeiningum um gönguþveranir sem staður þar sem gangandi og hjólandi komast yfir götu. Kantsteinar eru oft lækkaðir við gönguþveranir niður í götuhæð eða gönguleið hækkuð upp. Gönguþverun í plani getur því verið ómerkt, merkt sem gangbraut eða stjórnað með umferðarljósum. Samkvæmt umferðarlögum ber öikumönnum að stöðva til að hleypa gangandi vegfaranda yfir gangbraut.

Víða er þverunarlengd yfir gangbraut/gönguþverun of löng og þá sérstaklega í götum þar sem akstursflötur er of breiður. Þegar gangbrautir/gönguþveranir þvera götur þar sem akstursflötur gatna er of breiður skal nota þrengingar eða miðeyjur sem stytta þverunarlengd óvarinna vegfarenda. Á stofnbrautum þar sem hámarkshraði er 50 km/klst eða hærrí ættu gangbrautir að vera með miðeyju eða gönguljósi/um.

Stígakerfi við plan Eiðistorgs er sundurslitið, t.d. þarf að ganga/hjóla þvert yfir bílaplanið til að komast frá göngustíg við Eiðismýri að göngustíg á Nesvegi. Bílaplanið við Eiðistorg og svæði Orkunnar eru ekki í eigu sveitarfélagsins. Hafin er samvinna við verslunareigendur um að unnið verði að úrbótum að betra stígakerfi og skipulagi á bílaplani við Eiðistorg.

Eins og vikið var áðan þarf að tryggja góðar sjónlengdir við gangbrautir/gönguþveranir svo bæði öikumenn og fótgangandi/hjólandi sjái hvort annað í tæka tíð. Þar sem ekki er unnt að bæta sjónlengdir geta vængjahlið stuðlað að því að hjólréiðafólk komi ekki á miklum hraða út á gangbrautir/gönguþveranir. Slík hlið henta best þegar gangstígur er skorðaður á milli t.d. húsa eða þéttra limgerða, en þegar þau eru staðsett í opnu landi er

létt að fara framhjá þeim og þau ólíklegri til að gegna hlutverki sínu. Tryggja skal að skörun vængjahlíða séu rétt stillt. Mælt er með að setja endurskin á vængjahlíð til að tryggja öryggi hjóltreiddafólks.

### 3.4 Gatnakerfi

Fjórar götur á Seltjarnarnesi hafa hærri hámarkshraða en 30 km. Lindarbraut, Suðurströnd, Norðurströnd og stór hluti af Nesvegi sem eru með hámarkshraðann 50 km/klst og Norðurströnd hefur hámarkshraðann 60 km/klst. Í vinnslu er að lækka hámarkshraða á Norðurströnd niður í 50 km/klst.

Samkvæmt umferðar- og hraðagreiningu VSÓ reyndist hraðinn sérstaklega hár á Norðurströnd og því þyrfti að fara í hraðatakmarkandi aðgerðir þar samhliða lækkun hámarkshraða. Mikilvægt er að hönnun gatna sé í samræmi við leyfðan hámarkshraða götunnar og notaðar séu hraðatakmarkandi aðgerðir sem henta hverju sinni.

Í íbúðahverfum þar sem hámarkshraði er 30 km/klst eru akreinar oft of breiðar á Seltjarnarnesi.

Hvetja skal lóðareigendur til að klippa gróður til þess að tryggja sjónlínur og að umferðarskilti séu sýnileg.

Tryggja skal að umferðarskilti, gátstaurar og yfirborðsmerkingar séu í lagi og í samræmi við hvert annað.

### 3.5 Ökumaður og farartæki

Samgöngustofa og lögregla hafa séð um þennan málaflokk.

Samgöngustofa og Slysavarnafélagið Landsbjörg gera reglulega úttekt á öryggi barna í bílum á leikskólum um allt land.

Í fyrri umferðaröryggisáætlun lá úttekt frá árinu 2013 fyrir og kom þá í ljós að Seltjarnarnes var í 4. sæti af 21 sveitarfélögum með beltanotkun ökumanna en í 10. sæti í notkun öryggisbúnaðar barna í bíl. Árið 2017 var Seltjarnarnes í 5. sæti af 29 sveitarfélögum með beltanotkun ökumanna og í 7. sæti í notkun öryggisbúnaðar barna í bíl.

Árið 2013 voru 90-95% barna í réttum öryggisbúnaði í úttektinni á Seltjarnarnesi en hlutfallið hefur farið batnandi og árin 2015 og 2017 voru yfir 95% barna í réttum öryggisbúnaði.

#### 2013

Yfir 95%	90%	85%	80%	Undir 80%
Ísafjörður	Garðabær	Vestmannaeyjar	Siglufjörður	Fáskrúðsfjörður
Vopnafjörður	Reykjavík	Sauðárkrókur	Ólafsfjörður*	Grindavík
Seyðisfjörður*	Seltjarnarnes	Akranes	Garður	
Dalvík	Keflavík	Bolungavík*		
Höfn í Hornafirði	Bessastaðahreppur			
Kópavogur				
Reyðarfjörður				

### Könnun 2017

Yfir 95%	90-95%	85-90%	80-85%	Undir 80%
Ísafjörður	Álftanes	Akranes	Grundarfjörður *	Garður
Selfoss *	Dalvík	Mosfellsbær	Hellissandur	
Reyðarfjörður	Grindavík	Ólafsfjörður *	Bolungarvík	
Akureyri	Hafnarfjörður	Mývatn	Fáskrúðsfjörður	
Garðabær	Ólafsvík	Búðardalur		
Seyðisfjörður	Reykjanesbær			
Seltjarnarnes	Skagaströnd			
Vopnafjörður	Vestmannaeyjar			
Reykjavík	Þorlákshöfn			
Siglufjörður				

Mynd 3.2 Notkun réttis öryggisbúnaðar barna í bílum. Úttektir Samgöngustofu og Landsbjargar árin 2013 og 2017.

### 3.6 Fræðsla og forvarnir

Skólaskrifstofa styður umferðarfræðslu til barna í leik- og grunnskóla árlega með föstu framlagi. Við skólabyrjun fá allir nemendur í 1. bekk heimsent fræðslufnið „Í umferðinni“, en þar er m.a. farið yfir flest þau atriði sem börn og foreldrar þurfa að hafa í huga á leið til og frá skóla hvort sem ferðast er um í bíl, gangandi eða á hjóli. Nemendur í 10. bekk grunnskóla hafa til margra ára notið sérstakrar umferðarfræðslu í tengslum við forvarnarstarf Grunnskóla Seltjarnarness.

Varðandi umferðaröryggismál í tengslum við leikskóla má taka fram að Leikskóli Seltjarnarness fær heimsóknir frá Umferðarskólanum í elsta árgang auk þess sem umferðakennsla fer fram í vettvangsferðum. Öll leikskólabörn eru í endurskinsvestum á ferðum sínum utan leikskólalóðar, bæði á sumrin og á veturna.

Áróður hefur verið rekinn meðal annars til að fá íbúa til að taka upp ferðavenjur sem draga úr umferð bíla í kringum skólamannvirki. Hér er fyrst og fremst um að ræða átökin *Göngum í skólann* og *Hjólum í skólann*, sem notið hafa vinsælda og stöðugt aukinnar þátttöku. Lagt er til að halda áfram með slík átök og hvetja nemendur skóla og starfsmenn stofnana og fyrirtækja á Seltjarnarnesi að ferðast með virkum ferðamátum til og frá skóla/vinnu.

### 3.7 Almenningssamgöngur

Á Seltjarnarnesi ekur leið 11 hring um nesið, fyrst eftir Suðurströnd, þaðan á Lindarbraut og til baka Norðurströndina að Nesvegi. Leið 11 ekur bara í aðra áttina á Seltjarnarnesi.

Almennt eiga biðstöðvar að vera staðsettar þannig að þær séu tengdar gangstígum þannig að rökrétt sé fyrir gangandi að nota þær. Gangbrautir eiga helst að vera staðsettar fyrir aftan kyrrstæða vagna, það eykur sýnileika gangandi vegfarenda. Á Seltjarnarnesi virðast gangbrautir vera staðsettar heppilega m.t.t. biðstöðva Strætó, hins vegar við biðstöð Hofgarða er gangbraut fyrir framan biðstöðina og við Miðbraut er gangbrautin fyrir framan biðstöð en þar er sérstakur vasi fyrir biðstöðina og því sjónlengdir betri. Einnig mætti skoða heppilegri staðsetningu biðstöðvar og gangbrautar við íþróttamiðstöðina en gangbrautin er staðsett nokkuð langt fyrir framan biðstöðina.

Þar sem strætó ekur skal almennt nota láréttar hraðatakmarkandi aðgerðir (þrengingar, hliðranir og miðeyjar) en þar sem ekki verður komist hjá því að nota lóðréttar hraðatakmarkandi aðgerðir (hraðahindranir) skal velja hraðahindrun sem hentar strætisvögnum.

Samræmi skal vera milli aðgerða umferðaröryggisáætlunarinnar og umferðarskipulags Seltjarnarness. Eitt af stefnumiðum Aðalskipulags Seltjarnarness um samgöngur er að tryggja umferðaröryggi.

Samráðshópur var sammála um að leggja ætti sérstaka áherslu á að bæta umferðaröryggi óvarðra vegfarenda og þar sem skólar, sundlaug og íþróttamiðstöð eru og því eru brýn verkefni á því svæði sett í forgang.

Unnið verður eftir eftirfarandi markmiðum til að viðhalda og bæta umferðaröryggi:

- ▶ Fækka slysum
- ▶ Fækka slysum á óvörðum vegfarendum
- ▶ Tryggja öryggi barna á gönguleiðum til og frá skóla
- ▶ Halda umferð bíla við grunnskólana í lágmarki og takmarka hana á ákveðnum svæðum
- ▶ Tryggja öryggi við gangbrautir
- ▶ Ná umferðarhraða niður í leyfilegan hámarkshraða með hraðatakmarkandi aðgerðum
- ▶ Viðhalda og bæta öryggi leikskólabarna í bílum með fræðslu og reglulegum úttektum
- ▶ Halda áfram umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum
- ▶ Hvetja fleiri til að ferðast með virkum ferðamátum til og frá skóla/vinnu.

## 5 Framkvæmdaáætlun og forgangsroðun verkefna

Í fyrri umferðaröryggisáætlun, gefinni út árið 2014, voru gerðar tillögur að verkefnum til úrbóta umferðaröryggis. Verkefnum var skipt eftir staðsetningu þeirra. Vísað er í fyrri áætlun til að skoða öll þau verkefni sem lýst var. Verkefnin voru mörg og var umfang þeirra mismikið. Valin voru brýnustu verkefnin og þeim forgangsraðað þar sem verkefni eitt er brýnast o.s.frv. Í töflu 5.1 að neðan má sjá forgangsverkefnin. Listinn hefur verið uppfærður m.t.t. verkefna sem er lokið eða hafa nú þegar verið tekin til nánari skoðunar.

**Tafla 5.1: Framkvæmdaáætlun 2018-2022**

Verkefnislýsing	Forgangur
Gerð sleppistæðis á Kirkjubraut við Mýrarhúsaskóla.	1
Framkvæmd sorpgerðis neðan við Mýrarhúsaskóla til að tryggja að flutningabílar keyri ekki inn á skólalóðina.	2
Yfirborðsmerkt gangbraut og gangbrautarskilti við leikvöllinn á Skerjabraut, það hefur verið komið fyrir niðurtektum og þrengingu öðru megin.	3
Úttekt á leiðum barna til skóla og greina mögulegar hættur. Tillögur að öruggum skólaleiðum.	4
Fræða börn um öruggar gönguleiðir til skóla og hvetja þau til að nýta þær með samstilltu átaki skóla og foreldra.	5
Aðskilja hjóla- og göngustíg frá Snoppu við Gróttu að golfvelli og svo frá golfvelli að Nesvegi.	6
Gerð aðkomu/hringaksturs við íþróttahúsið í framhaldi skipulags bílastæðis við sundlaug og íþróttasvæði.	7
Færa núverandi hlið austan við Valhúsaskóla norðar svo hægt verði að aka inn á bílaplanið en ekki lengra, auk þess að setja skilti D08.11 Botngata og undirmerkið Óviðkomandi umferð bönnuð við Skólabraut 7.	8
Fundin verði lausn á því hvernig eigi að tengja saman stígakerfi við Eiðistorg til þess að tryggja öryggi óvarðra vegfarenda og auka skipulag á bílplani.	9
Upphækkað plan/svæði á Suðurmýri við biðstöð Strætó bs. til móts við Skerjabraut þar sem farþegar ganga inn og út úr vagninum, ásamt því að biðstöðvarskiltið verði fært í samræmi við það eða setja strætóskýli.	10
Biðskylduskilti sett við Suðurmýri austan við gatnamótin Suðurmýri/Tjarnarmýri.	10
Stöðvunarskyldu á Kolbeins-, Tjarnar- og Grænumýri fyrir akstur inn á Nesveg og einnig að tryggja sjónlínur eins og unnt er.	10
Yfirborðsmerkja biðskyldu í Suðurmýri NV við gatnamótin Suðurmýri/Tjarnarmýri.	10
Yfirborðsmerkja biðskyldu í Suðurmýri NV við gatnamótin Suðurmýri/Kolbeinsmýri.	10
Skoða hönnun Suðurmýrar m.t.t. sjónlengda. Útfærsla einstefnu og skoða hönnun gatnamóta sem koma inn á Suðurmýri, mögulega mjókka gatnamótin og hækka upp.	10
Gangbraut sett yfir Suðurströnd með miðeyju við Steinavör sem tengir stígakerfi.	11
Samhliða áætlaðri lækkun hámarkshraða á Norðurströnd þarf að greina og leggja til viðeigandi hraðatakmarkandi aðgerðir á Norðurströnd. Tryggja þarf með reglulegum hraðamælum að ekið sé innan leyfilegs hámarkshraða.	12
Í stað tveggja upphækkaðra gangbrauta/hraðahindrana á Lindarbraut skal setja gangbraut og hraðatakmarkandi aðgerðir sem henta vögnum Strætó bs.	13
Skoða að fjarlægja biðskyldu á Norðurströnd við Bygggarða og setja stoppskyldu á Bygggarða að Norðurströnd. Athuga þarf sjónlengdir vel Fáður.	14

Slysagreining leiddi í ljós að umferðaröryggi á Seltjarnarnesi getur almennt talist mjög gott en umferðaröryggi má þó alltaf bæta. Aukning hefur verið í óhöppum og slysum á óvörðum vegfarendum samhliða auknum hjólreiðum. Seltjarnarnes hefur bætt göngu- og hjólastíga á mörgum stöðum með því að aðskilja þá og bæta hálkuvarnir.

Eftir stöðumat og greiningarvinnu var samráðshópur sammála um að leggja sérstaka áherslu á að bæta umferðaröryggi á svæði þar sem m.a. skólar, sundlaug og íþróttamiðstöð eru og því var ákveðið að brýn verkefni á því svæði væru sett í forgang.

Helstu markmið og áherslur sveitarfélagsins er varða umferðaröryggi eru að halda áfram að vinna að bættu öryggi óvarðra vegfarenda og leggja áfram sérstaka áherslu á öryggi gönguleiða barna í skólann. Auk þess þykir mikilvægt að ná hraða bifreiða niður í hámarkshraða og taka fyrir svæði frekar en staði þegar unnið er með hraðatakmarkandi aðgerðir.

Í framkvæmdaáætlun voru verkefni forgangs röðuð, þar sem verkefni eitt er brýnast o.s.frv.

Áætlað er að tekið sé tillit til umferðaröryggisáætlunar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins og að áætlunin verði endurnýjuð á fjögurra ára fresti. Samráðshópur skal hittast á tveggja ári fresti til að fara yfir verkefnastöðu og nýjar ábendingar er berast sveitarfélaginu.

Umferðaröryggisáætlunin verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins á slóðinni [www.seltjarnarnes.is/umferdaroryggisaaetlun](http://www.seltjarnarnes.is/umferdaroryggisaaetlun), auk þess geta íbúar og aðrir komið ábendingum varðandi umferðaröryggi á framfæri á sömu slóð. Ábendingum verður svo safnað saman og þær teknar fyrir við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar.

Gunnar Geir Gunnarsson, Samgöngustofa, Upplýsingar um slys árin 2012-2016, tölvupóstur, 31. október 2017.

Línuhönnun og Vegagerðin. *Hraðatakmarkandi aðgerðir*. Maí 2006.

Mannvit, Vegagerðin og Umferðarstofa. *Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga-Leiðbeiningar*. Janúar 2010

Mannvit. *Minnisblöð um umferðargreiningar á Seltjarnarnesi*. Unnin á árunum 2011-2012.

Samgöngustofa. *Umferðarslys á Íslandi 2016*. Mars 2017.

Samgöngustofa, Öryggi barna í bílum 2013. Nóvember 2013.

Samgöngustofa og Slysavarnarfélagið Landsbjörg, *Öryggi barna í bílum 2017*. Nóvember 2017.

Vegagerðin og Reykjavíkurborg. *Handbók um umferðarmerki*. Mars 2013.

Vegagerðin. 2014. *Gönguþveranir, Leiðbeiningar*.

Vejdirektoratet. *Katalog over typegodkente bump*. September 2013.

Vinnustofan Þverá ehf. *Seltjarnarnes, yfirlit yfir gangbrautir og hraðahindranir á Seltjarnarnesi*. Nóvember 2006.

Vinnustofan Þverá ehf. *Umferðarskipulag*. 2001.

VSÓ Ráðgjöf. *Seltjarnarnesbær, Malbikun gatna, ástandsmat og tillögur til úrbóta*. Mars 2009.

VSÓ Ráðgjöf. *Seltjarnarnes Umferðargreining*. Janúar 2018.